

Aukin velferð og lækkun verðbólgu

Improved welfare and lower inflation

Kjarasamningarnir 2024 Collective Agreements

Kynning fyrir Eflingarfélagi

Presentation to Efling members

12. 3. 2024



Ferlið við samningsgerð

The Negotiations Process



Störf samninganefndar

The negotiation committee

- Öllum 27 þúsund Eflingarfélögum var boðið að taka þátt í samninganefnd. Auglýst 13. júní 2023 og opinn kynningarfundur haldinn 20. júní 2023. Aftur auglýst í lok ágúst 2023.
- All 27 thousand Efling members were invited to participate. Advertised June 13, 2023 and an open intro meeting on June 20, 2023. Advertised again at the end of August 2023.
- Samninganefnd að lokum skipuð þann 7. september 2023. 85 Eflingarfélagar úr öllum geirum félagsins sitja í nefndinni.
- The committee was selected on September 7, 2023. All sectors are represented in an 85-person committee.

Störf samninganefndar

The negotiation committee

- Nefndin fundaði ca. mánaðarlega haustið 2023 en mun tíðar eftir að viðræður hófust af alvöru í desember.
- The committee met ~monthly in fall of 2023 but more often after negotiation began in December.
- Samninganefnd í heild sinni tók þátt í beinum samningafundum við SA a.m.k. 4 sinnum í janúar 2024.
- The committee participated in direct talks with SA at least 4x in January 2024.

Félagar í forystu

Members in the driving seat

- Formaður og starfsmenn samninganefndar leiddu viðræður við SA ásamt Breiðfylkingu eftir að viðræður færðust til Ríkissáttasemjara.
- Chair and committee staff led talks with SA along with the alliance after talks moved to the state mediator.
- Samninganefnd fundaði meðfram því reglulega í febrúar í Félagsheimili til að meta og ákveða þróun viðræðna og stærstu ákvarðanir.
- The negotiation committee also met regularly in February in the Community Centre to assess and decide on strategy.

Félagar í forystu

Members in the driving seat

- Formaður kynnti gang viðræðna á mánaðarlegum trúnaðarmannanámskeiðum og í trúnaðarráði.
- The chair explained talks monthly in union rep courses and in the delegate council.
- Myndbönd, upplýsingar og tilkynningar reglulega sett á vef og send á tölvupóstlista til félagsfólks. Félögum boðið að senda formanni póst.
- Videos, info & announcements were published online and sent to members by mailing lists. Members invited to email chairman.
- Allar ákvarðanir samninganefndar samþykktar með yfirgnæfandi meirihluta eða einróma.
- All decisions were approved unanimously or by large majority.

Ferlið við samþykkt samninga

Approval process

- Formaður og samninganefnd undirrituðu samning 7. mars sem þau telja góðan og ásættanlegan fyrir félagsfólk.
- The chair and committee signed a contract on March 7 which they think is good and acceptable to members.
- Önnur félög í Breiðfylkingunni voru sammála, og fagfélögin hafa nú bæst við í hópinn.
- Other alliance unions agreed, tradesmen later as well.
- Nú er komið að félagsfólki að samþykkja samninginn í atkvæðagreiðslu.
- Now it's the members' turn to approve the contract.

Ferlið við samþykkt samninga

Approval process

- Formaður og samninganefnd Eflingar hvetja félagsfólk til að samþykkja samninginn – til að geta byrjað að njóta hagsbóta hans án tafar.
- The Efling chair and negotiations committee urge members to vote for the contract – to start enjoying its improvements without delay.
- Höfnun samningsins þýðir að viðræður þurfa að hefjast upp á nýtt með mikilli óvissu um árangur.
- Rejecting the contract means negotiations start over with great uncertainty about results.

Um hvað verða greidd atkvæði?

What will be voted on?

- Nýr samningur við SA er í lagalegum skilningi listi af breytingum á áður gildandi samningi.
- The new contract with SA is, legally, a list of changes to the previous contract.
- Einnig „móður“ samningur sem SA gerir við öll félög Breiðfylkingarinnar um forsendur og launalið.
- There is also a „parent“ contract SA makes with the alliance on red lines and wages.

Um hvað verða greidd atkvæði?

What will be voted on?

- Undirrituð skjöl með öllum þessum atriðum eru inni á vef Eflingar við fréttina hér og verður jafnframt hluti af kjörgögnum þegar kosið er.
 - <https://efling.is/2024/03/samningur-um-verulegar-kjarabaetur-a-naestu-fjorum-arum-undirritadur-lestu-um-avinninginn-her/>
- Signed documents with all these items are on the Efling website and will be part of the voting documents.
 - <https://efling.is/en/2024/03/collective-agreement-signed-with-considerably-increased-benefits-read-all-about-the-gains-here/>

Að vinna í stóru samfloti

Working in a large alliance

- Að gera leiðandi kjarasamning fyrir allan íslenska vinnumarkaðinn er ekki auðvelt verkefni.
- Making a framework contract for the entire labour market is hard.
- Mikil orka og tími farið í að samstilla þarfir og væntingar ólíkra hópa, en með heildarhagsmuni að leiðarljósi.
- It takes time & energy to coordinate needs and expectations of different groups, with the interests of the whole in mind.

Að vinna í stóru samfloti

Working in a large alliance

- Samninganefnd er stolt af leiðandi hlutverki Eflingar í því, og af niðurstöðu þar sem hagsmunir láglounafólks eru í fyrirrúmi.
- The committee is proud of the leading role Efling played, and of a result where low-paid workers' interests are put first.

Markmið samninganna

Contract Goals



Megin markmið I - Main Goals I

I. Ör lækkun verðbólgu með samstilltu átaki

- Verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur, ríki og sveitarfélög, bankar og aðrir.
- Allir þurfa að skila sínu.

I. **Quick reduction of inflation** with coordinated effort.

- Unions, employers, state and local government, banks, and others.
- All must pitch in.

Megin markmið II - Main Goals II

II. Sækja umtalsverðar kjarabætur frá velferðarkerfinu.

- Endurreisn tilfærslukerfanna (barnabætur, vaxtabætur og leigubætur)
- Aðrar umbætur í velferðarmálum
- Langtímasamningur – til minnst 3ja ára.

II. Achieve considerable benefits from the welfare system.

- Resurrection of the redistributive systems (child benefits, interest rate benefits, and renters' benefits)
- Other improvements in welfare issues
- A long-term contract – at least 3 years

Útfærsla - Enactment

1. Velferðarkerfin skili heimilum með lægri og milli tekjur á bilinu 30-50 þús. kr. aukalega á mánuði – kostar 20-25 milljarða á ári.
Welfare systems provide low- and middle-income households 30-50k extra income each month – cost: 20-25bn a year.
2. Launahækkunarir verði hófstílltar.
Moderate raises.
3. Fyrirtæki lækki hagnaðarkröfu sína, með lægri álagningu.
Companies reduce their profit expectation, with thinner margins.

Útfærsla frh. - Enactment cont.

4. Aðhald í hækkunum opinberra gjalda ríkis og sveitarfélaga
Lower fee increases by the state and municipalities
5. Vextir húsnæðislána lækki í takti við lækkun verðlags
Lower interest rates on home loans as inflation abates
6. Forsenduákvæði: (Sjá hér á eftir)
Red line: (See later in presentation)

Launabreytingar

Wage changes



Launahækkunar á samningstímabili

Raises during the contract

- Hækkunar eru blanda krónutölu og prósentu:

Raises are a combo of % and flat raises:

| 1. Feb 2024 | 1. Jan 2025 | 1. Jan 2026 | 1. Jan 2027 |
|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|
| 3,25%, minimum 23.750kr | 3,50%, minimum 23.750kr | 3,50%, minimum 23.750kr | 3,50%, minimum 23.750kr |

- Lágmarks krónutöluhækkun kemur á byrjanda í lágsta launaflokki, en hlutföll milli flokka og starfsaldursprepa halda sér.
- The minimum flat raise is there for beginners in the lowest bracket. Wage gaps between brackets and seniority are maintained.


Launahækkunir á samningstímabili

Raises during the contract

- Meðalhækkun í launatöflunni verður 25.165 kr. á ári.
- Average raise in the table: 25.165kr each year
- Byrjandi hækkar um 95.000 kr. á samningstíma, eða um 24%.
- Beginners get 95,000kr more over the contract period, about 24%
- Meðaltalshækkun í töflunni er 100.659 kr. á samningstímanum.
- Average increase in the table is 100,695kr over the contract period.
- Aðrir kjaratengdir liðir taka almennum % hækkunum (3,25% og 3,50%).
- Other items rise by 3.25% in the first year, 3.5% in the latter three years.

Ár 1: Launahækkun eftir tekjubílum – Year 1: raises by wage

Meiri hlutfallsleg hækkun á lægstu laun – Higher % raises on the lowest wages



Persónuuppbætur 2024-2027

Bonuses 2024-2027

| | Orlofsuppbót | Desemberuppbót |
|-------------|--------------|----------------|
| 2024 | 58.000 | 106.000 |
| 2025 | 60.000 | 110.000 |
| 2026 | 62.000 | 114.000 |
| 2027 | 64.000 | 118.000 |

Forsenduákvæði

Red lines



Forsendur um verðbólgu

Red lines on inflation

- Samningurinn er byggður á þeirri forsendu að verðbólga – og þar með vextir – náist hratt niður.
- The contract is based on inflation – and thereby interest rates – dropping fast.
- Tveir tímapunktur þar sem árangur samningsins varðandi verðbólgu er metinn og hægt að **segja honum upp hafi árangur ekki náðst.**
- The contract is reviewed two times based on inflation and **can be cancelled if the goals haven't been met.**
- Hægt að segja upp samningi 2025 þannig að hann falli úr gildi **1. október** ef:
 - 12 mánaða verðbólga í ágúst 2025 er hærri en **4,95%**.
 - Ekki hefur náðst samkomulag við SA um hvernig það skuli bætt.
- The contract can be cancelled on October 1, 2025 if:
 - 12-month inflation in August 2025 is over **4.95%**
 - If no agreement is reached with SA on compensation.


Forsendur um verðbólgu

Red lines on inflation

- Sams konar varnir árið 2026 á sömu dagsetningum en miðað við **4,7%** verðbólgu.
- **Similar protection in 2026, same months, with a 4.7% inflation target.**
- Einnig verður heimilt að segja upp samningi á sömu dagsetningum hafi stjórnvöld ekki staðið við yfirlýsingar sínar varðandi endurreisn bótakerfa og önnur atriði.
- **Contract cancellation also possible on these dates if government promises haven't been kept.**

Forsendur um lækkun verðbólgu og endurskoðun samnings

Preconditions on lower inflation and contract review



Aðrar varnir og forsendur

Other protections

- **Kauptaxtauki** er forsenda sem tryggir Eflingar- og SGS-félaga gegn því að launataxtar þeirra dragist aftur úr hærri launahópum vegna launaskriðs.
- **A wage drift bonus** guarantees Efling and SGS members get extra raises if other groups' wages rise faster due to wage drift.

Aðrar varnir og forsendur

Other protections

- **Framleiðniauki** er forsenda sem tryggir hlutdeild launafólks í aukinni framleiðni hagkerfisins, fari hún yfir visst mark.
- **Productivity bonus** gives workers extra pay if the economy's productivity rises beyond a certain point.
- Þessir fyrirvarar geta leitt til sjálfkrafa hækkana á launum 1. apríl 2025, 1. apríl 2026 og 1. apríl 2027.
- These clauses could mean automatic raises on April 1 in 2025, 2026 and 2026.

Helstu þættir kjarabóta frá hinu opinbera
Biggest improvements promised by the state



1: Almenn áhrif – General impact

- Launahækkarnir eru hóflegar, sem skapar **svigrúm í fyrirtækjum og hjá þjónustuaðilum til örra verðlækkana.**
- **Raises are moderate, allowing companies to lower prices rapidly.**
- **Vextir eiga að öðru óbreyttu að geta að lækka samhliða verðlagi.**
- **Interest rates should be able to go down alongside prices.**
- Kaupmáttur launa mun aukast hjá láglounafólki á árum 2 til 4 – hve mikið ræðst endanlega af verðbólgunni á hverju ári.
- **Purchasing power will increase in years 2-4, the amount depends on inflation.**

- **Framlag ríkisins** bætir kaupmátt stórlega á fyrsta ári, einkum með aðgerðum fyrir barnafjölskyldur og með auknum húsnæðisstuðningi.
- **The government's contribution** greatly increases purchasing power in year 1, mostly by helping families with children and by increasing housing support.
- Framlag nemur 20-25 milljörðum á ári, svipað og farið var fram á.
- **The contribution is 20-25bn / year, as requested.**
- Um helmingur skilar sér í eflingu tilfærslukerfanna (um 10 milljarðar), en minnstur árangur náðist í hækkun vaxtabóta. **Annað kemur í staðinn.**
- Half for stronger transfer systems (about 10bn). Interest relief was not beefed up by much, but **other things came in its place.**

2: Fríar skólamáltíðir – Free school meals

- Frá og með haustinu 2024 verða **skólamáltíðir í grunnskólum gjaldfrjálssar.**
- **Primary school meals will be free as of fall 2024.**
- Í Reykjavík er þetta nú kostnaður upp á tæpar 13 þús. kr. á mánuði fyrir eitt barn. Fyrir fjölskyldu með 2 börn er þetta sparnaður sem nemur nærri 26 þús. kr. á mánuði (í 9 mánuði á ári).
- **In Reykjavík, they now cost 13k / month per child. For 2 children this means 26k / month for 9 months a year.**

2: Fríar skólamáltíðir – Free school meals

- Það er ígildi um **40 þús. kr. launahækkunar** í 9 mánuði á ári. Þetta mun kosta um 5 milljarða á ári.
- This is the equivalent of **a raise of 40k** for 9 months each year, and will cost 5bn / year.
- Þetta má segja að geri sambærilegt gagn og endurreisn vaxtabótakerfisins.
- This is a similar benefit as would have been gained by fixing the interest relief system.

3: Leigjendur – Renters

- Leigubætur munu **hækka um 25%** og sérstök **aukahækkun** kemur til barnmargra fjölskyldna á leigumarkaði: 24 þús. aukalega fyrir hjón með 3 börn og 31 þús. fyrir hjón með 4 börn.
- The rent subsidy will **rise by 25%** and an **extra increase** will help families with many children: 24k extra for families with 3 children, 31k extra for 4.
- **Bætt er við áttak um fjölgun félagslegra íbúða** úr 2000 (sem áður var fram komið) í 4000 á samningstímanum, einkum fyrir lágtekjufólk.
- **Social housing expansion** from the current 2000 (previously planned) to 4000 during the contract, especially for low-income groups.

3: Leigjendur – Renters

- Þetta eru **stofnframlög** sem nýtast m.a. í almenna íbúðakerfinu sem er í forsjá verkalýðshreyfingarinnar. Kostar 7,5-9ma á seinustu árum samningsins.
- These are **capital contributions** which will help in the labour movement's housing system. Will cost 7.5-9bn in the last years of the contract.
- Unnið verður áfram að endurbótum á húsnæðisstefnu, en ekki verður um fulla samræmingu á sérstökum húsnæðisstuðningu sveitarfélaga að ræða að þessu sinni. Að því þarf að vinna áfram.
- Housing policy improvements will continue. Harmonized housing support across municipalities didn't happen this time. Needs work.

4: Reglun á leigumarkaði – Rent market regulation

- **Frumvarp um reglun** væntanlega afgreitt á vorþingi 2024. Markmið er að styrkja réttarstöðu leigjenda og hamlar hækkunum leigu (grein 3.5).
- **A bill on regulations** probably happens in spring 2024. Should strengthen the legal rights of tenants and limit rising rent (art. 3.5)
- **Skráningarskylda leigusamninga** í leiguskrá HMS lögfest. Fleiri munu þar með fá leigubætur og réttarstaða styrkist, m.a. fyrir innflytjendur.
- **A duty to register rental contracts** with HMS will be legislated. More will get rent subsidy and stronger rights that way.
- Upplýsingar um markaðsleigu sambærilegs húsnæðis verði þar með aðgengilegri samningsaðilum til viðmiðunar við ákvörðun leigufjárhæðar.
- **Data on market rent for similar houses** will be made available to landlord and tenant when deciding the amount of rent.

4: Reglun á leigumarkaði – Rent market regulation

- **Forgangsréttur leigjenda til áframhaldandi leigu** húsnæðis við lok tímabundins leigusamnings verður eflur.
- **Priority for continuing rent** after the rental contract expires will be made stronger.
- **Skýrara regluverki um ákvörðun leigufjárhæðar** í upphafi við gerð leigusamnings, við breytingar á leigutíma og við endurnýjun eða framlengingu samnings að leigutíma loknum.
- **Clearer rules on deciding the amount of rent** at the start of renting, when the time is changed and when the contract is renewed/extended.
- **Kærunefnd húsamála verður eflur**, m.a. til að leysa úr ágreiningsmálum um ákvörðun leigufjárhæðar. Beinni viðmið um leiguhækkanir vantar þó.
- **A stronger housing appeals court**, e.g. to resolve rent amount disputes. We still need more direct guidelines on how rent rises.

5: Barnabætur – Child benefits

- **Hækkun barnabóta um 6% 2024 og skerðingar vegna tekna lækkaðar úr 5% í 4%.**
- **Child benefits rise by 6% in 2024, cuts reduced from 5% to 4%.**
- Kostar um 3 MA aukalega 2024 og hækkar síðan í um 5 MA 2025. Þá verða heildarútgjöld til barnabóta komin úr tæpum 15 milljörðum í um 20 milljarða.
- **Costs 3bn in 2024, 5bn in 2025. Child benefits expenditures go from 15 to 20 bn.**
- **Verðtrygging barnabóta í tvö ár** (hreyfingin þarf í framhaldinu að þrýsta á um varanlega verðtryggingu allra bóta tilfærslukerfanna).
- **Child benefits will be indexed for two years** (the movement must push for permanent indexing of all benefits systems).

5: Barnabætur – Child benefits

- **Hámark greiðslna í fæðingarorlofi hækkar** úr 600 þús. í 800 þús. á árinu 2025 og áfram í 900 þús. árið 2026. Þetta mun kosta um 4 MA þegar allt er komið.
- **Maximum parental leave payments rise** from 600 to 800 thousand in 2025, and 900 thousand in 2026. Will cost 4bn by then.
- Greiðslur úr ábyrgðasjóði launa hækkaðar.
- **Higher payments from the bankruptcy wage guarantee fund.**

6: Vaxtalækkunir– Lower interest rate

- Ef lækkun vaxta skilar sér vel mun **greiðslubyrði húsnæðisskulda lækka umtalsvert.**
- **If interest rates go down, home loan costs will drop significantly.**
- Mánaðarleg greiðslubyrði óverðtryggðra lána lækkar beint en hjá þeim sem eru með verðtryggða vexti verður minni viðbót verðbótaþáttar við höfustól = eignamyndunin batnar.
- **Monthly payments of unindexed loans go down directly. Indexed loans will not expand as much = more ownership increase.**
- **Ef raunvextir lækka fá allir lækkaða greiðslubyrði.**
- **If real interest drops, everyone can pay less.**

6: Vaxtastuðningur – Interest rate support


- Á árinu 2024 verður greiddur **sérstakur vaxtastuðningur**, háð skuldastöðu og tekjum fólks. Hámark fyrir einhleypa er **150 þús.**, **200 þús. fyrir einstæða foreldra og 250 þús. fyrir hjón**. Kostar 5-7 milljarða. Þetta greiðist inn á höfuðstól eða til lækkunar á afborgunum, eftir vali fólks.
- In 2024, an **interest relief payment** will be made, depending on financial status. **Maximum for singles 150k, 200k for single parents, 250k for married couples**. Costs 5-7bn. Paid onto the principal or used to lower payments, as people choose.

6: Vaxtalækkunar og fleira – Lower interest etc

- Stjórnvöld lýsa vilja til að ræða áfram við verkalýðshreyfinguna um **framtíðarfyrirkomulag húsnæðisstuðnings** fyrir eigendur og leigjendur.
- The government is ready to continue talks with labour on **future plans for housing support** for owners and renters.
- Á næstu glæru er sýnt hvernig **2,5% lækkun vaxta** skilar sér í lækkaðri greiðslubyrði húsnæðislána, eftir mismunandi skuldastöðu. Þetta eru ígildi mikilla launahækkana.
- The next slide shows how **2.5% lower interest rates** reduce the monthly payments for home loans, depending on debt levels. Equals high raises.

Ávinningur af vaxtalækkun óverðtryggðra lána

Gains from lower rates on unindexed loans



Heildarmynd kjarabóta á ári 1

Launabreytingar og velferðargreiðslur samanlagðar – eftir skatt

Big picture of improvements in year 1

Raises and transfers combined – after tax




Samsetning kjarabóta í samningnum í heild

Combined improvements in sum

- Launahækkunir - **Raises**
- Hækkunir leigubóta – **Higher rent subsidy**
- Fríar skólamáltíðir – **Free school meals**
- Hækkunir barnabóta – **Higher child benefits**
- Sérstakur vaxtastuðningur á árinu 2024 – **Interest relief in 2024**
- Meiri fjölgun ódýrs leiguhúsnæðis – **More affordable housing**
- Hækkun launapaksa í fæðingarorlofi – **Higher cap on parental leave payments**
- Brú á umönnunarbili – **Bridging the care gap**
- Sérstök hækkun launa í ræstingu – **Special raises for cleaners**
- Fleiri orlofsdagar og réttindabætur – **More vacation days and better rights**
- Lækkun vaxta af húsnæðislánum – **Lower interest payments on home loans**
- Aukinn kaupmáttur launa – **Higher purchasing power from wages**

Ár 1: Kjarabætur einstæðra foreldra með 2 börn; leiguhúsnæði


Year 1: Single parents with 2 children, renting



Ár 1: Kjarabætur hjóna með 2 börn í leiguhúsnæði

Year 1: Married, 2 children, renting

Kjarabætur árið 2024: Fullvinnandi Hjón með 2 börn, í leiguhúsnæði.
Launahækkunir og auknar tilfærslur samanlagðar - fyrir og eftir skatt



Laun hvors um sig fyrir hækkun - bæði á sömu launum

Launahækkun beggja

Hækkun leigubóta

Hækkun barnabóta


Lækkun útgjalda v. skólamáltíða

Aukning ráðstöfunartekna

Ígildi launahækkna


Ár 1: Kjarabætur einhleypra barnlausra leigjenda

Year 1: Single, no children, renting



Mest hlutfallsleg aukning í lægri hópum og barnafjölskyldum
Highest proportional increase for lower paid & families with children

Aukning ráðstöfunartekna hjá leigjendum 2024
Samanlagðar hækkunar launa og bóta - eftir skatt (í %)




Hluttur launabreytinga einna
Meiri kaupmáttaraukning í lægstu hópum

Looking only at wage raises
Purchasing power rises most for the lowest paid




Ár 1 – Kaupmáttarbreyting launa einna

Year 1 – Purchasing power changes from wages




Ár 2 – Year 2

Launabreyting á ári 2 (2025), eftir tekjuhópum
Launahækkun, kaupmáttaraukning og verðbólguþá (3,6%)




Ár 3 – Year 3

Launabreyting á ári 3 (2026), eftir tekjuhópum
Launahækkun, kaupmáttaraukning og verðbólguþá (2,8%)



Ár 4 – Year 4

Launabreyting á ári 4 (2027), eftir tekjuhópum
Launahækkun, kaupmáttaraukning og verðbólguþá (2,5%)



Sérstakar umframhækkningar ræstingafólks

Special raises for cleaners



Mikil lagfæring launa í ræstingu

Big improvements in cleaners' wages

- Röðun í töflu:
 - Hækkun um 2 launaflokka úr lfl. 6 í lfl. 8.
- Table changes:
 - Now 2 brackets higher, from #6 to #8
- Viðbótarlaun:
 - Ræstingarauki verður greiddur frá 1. ágúst 2024.
 - Sérstök mánaðarleg greiðsla kr. 19.500 m.v. fullt starf.
- Additional wages:
 - Starts on August 1, 2024.
 - Special monthly payment 19,500kr for full-time work.

Mikil lagfæring launa í ræstingu

Big improvements in cleaners' wages

- Skýrara orðalag varðandi tímamælda ákvæðisvinnu.
- Clearer wording in time-measured piecework.
- Vinnustaðaeftirlit verður heimilt í ræstingafyrirtækjum.
- Workplace inspections permitted in cleaning companies.
- Útboðsmál
 - Skipun starfshóps um stöðu útboðsmála; á að móta æskilegar útboðsaðferðir, og funda með helstu útboðsaðilum á ræstingarþjónustu.
- Outsourcing
 - A working group on outsourcing will be created; will set up guidelines on outsourcing and meet with the main outsourcers.

Miklar aukahækkunir launa í ræstingu (11-12%)
Big extra raises in cleaning (11-12%)

| | Taxtahækkun strax | 2 lfl. frá 1. febrúar | Ræstingarauki frá 1. ágúst | Samtals |
|------------------------------------|------------------------------|----------------------------------|---------------------------------------|----------------|
| Byrjunarlaun | 24.027 kr. | 5.013 kr. | 19.500 kr. | 48.540 kr. |
| Eftir 1 árs starf í starfsgrein | 24.266 kr. | 5.064 kr. | 19.500 kr. | 48.830 kr. |
| Eftir 3 ára starf í starfsgrein | 24.631 kr. | 5.140 kr. | 19.500 kr. | 49.271 kr. |
| Eftir 5 ár í sama fyrirtæki | 25.124 kr. | 5.242.kr. | 19.500 kr. | 49.866 kr. |

Réttindabætur – Rights & benefits



Aukinn orlofsréttur og breyting á ávinnslu orlofs

More vacation rights, changed timelines

Eldra fyrirkomulag – old system

| Dagar Days | % | Hvernig áunnið? Conditions? |
|---------------|--------|--|
| 24 | 10,17% | Lágmarksorlof Minimum |
| 25 | 10,64% | 5 ár í fyrirt. / 10 ár í starfsgr. 5yrs in comp. / 10 in sector |
| 30 | 13,04% | 10 ár hjá sama fyrirtæki 10yrs in company |

Nýtt fyrirkomulag – new system

| Dagar Days | % | Hvernig áunnið? Conditions? |
|---------------|--------|---|
| 24 | 10,17% | Lágmarksorlof byrjenda Minimum, beginners |
| 25 | 10,64% | 22 ára+, 6mán störf 22yrs old, 6mon work |
| 28 | 12,07% | 5 ár í fyrirtæki 5 years in company |
| 30 | 13,04% | 10 ár hjá sama fyrirtæki 10 years in company |

Ávinnsla skv. nýju fyrirkomulagi hefst 1.5.2024 (25 og 26 dagar)
Ávinnsla 27. og 28. daganna hefst 1.5.2025

Efling trúnaðarmannakerfis – Stronger rep system

- Heimilt verður að kjósa 3 trúnaðarmenn á vinnustöðum með fleiri en 120 starfsmenn.
- 3 reps allowed in companies with 120+ workers
- Launatap að meðtöldu vaktaálagi tryggt vegna námskeiðssetu.
- Wages not cut (incl. premiums) when attending courses.
- Trúnaðarmenn eiga rétt á að gera samkomulag við atvinnurekanda um lágmarkstíma til starfa á vinnustað.
- Reps can negotiate minimum time to do rep work in the workplace.
- Námskeiðsseturéttur tryggður í 10 virka daga á ári bæði skipunarár trúnaðarmanns.
- Right to attend courses 10 working days / year both years of the rep's term.

Vernd þeirra sem gera athugasemd við aðbúnað

Protection when complaining about conditions

- Efling lagði mikla áherslu á aukna vernd starfsfólks gegn uppsögnum.
- Efling pushed hard for stronger layoff protections.
- Inn kemur nýr kafli í kjarasamning sem meinar atvinnurekanda að láta starfsmann gjalda þess að hafa komið með réttmæta ábendingu eða athugasemd varðandi aðbúnað eða öryggi á vinnustað.
- New chapter is added to the contract: worker cannot be punished for making a justified complaint about workplace conditions/safety.

Breytingar á hótél- og veitingasamningi
Hotel&restaurant contract changes



Launaflokkahækkunar - Raises

- Launaflokkahækkunar – allir hækka um að a.m.k. 1 launaflokk.
- Everyone goes up at least 1 wage bracket
- Launaflokkar 4-5 eru aflagðir, þannig að allir sem voru í þeim fara að lágmarki upp í launaflokk 6.
- Brackets 4-5 are dropped. Nobody is lower than bracket 6.
- Sérþjálfaður starfsmaður hækkar úr lfl. 6 í lfl. 7.
- “Sérþjálfaður starfsmaður“ rises from bracket 6 to 7.

Launaflokkahækkunarfrh. – Raises cont.

- Starfsfólk sem getur unnið sjálfstætt, getur sýnt frumkvæði, hefur sérstaka þekkingu eða ber sérstaka ábyrgð raðast í lfl. 7.
- Staff who can work independently, can show initiative, have special knowledge or have special responsibility go to bracket 7.
- Starfsfólk sem hefur unnið 4 ár eða lengur í sambærilegu starfi, á Íslandi eða erlendis, raðast í lfl. 7 eftir 6 mánuði á núverandi vinnustað.
- Staff who have worked 4 years or longer in comparable job, in Iceland or abroad, go to bracket 7 after 6 months at current job.
- Starfsfólk sem hefur unnið 3 ár eða lengur í sambærilegu starfi, á Íslandi eða erlendis, og hefur lokið samtals 40 klst. starfstengdum námskeiðum raðast í fl. 7 eftir 4 mánuði á núverandi vinnustað.
- Staff who have worked 3 years or longer in comparable job, in Iceland or abroad, and have finished a total of 40 hrs in vocational courses go to bracket 7 after 4 months in current job.

Breytingar varðandi vaktaálög – Changed premiums

- Vaktaálag á skemmtistöðum frá miðnætti til 5 að morgni á aðfararnótt laugardags og sunnudags hækkar úr 45% í 55%.
- Premium in clubs from midnight to 5am Friday&Saturday nights rises to 55%.
- Yfirvinna verður ekki lengur greidd fyrr en starfsmaður hefur unnið 173,33 klst. á mánuði. Yfirgnæfandi meirihluti starfsfólks vinnur í vaktavinnu og verða fáir fyrir áhrifum af þessari breytingu.
- Overtime now only paid after 173.33hrs/month. Most work shifts and won't be affected.
- Heimilt verður að semja innan vinnustaðar um jafnaðarálags með samþykki stéttarfélags og starfsfólks í atkvæðagreiðslu (5. kafli).
- Equalized pay can be negotiated if the union & workers agree via workplace vote (5th chapter).

Takk fyrir! – Thank you!

